


Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	RALV1RÖ03 – Verkefni 1.	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Verkefni 1 – Kló og perustæði.

Markmiðið með verkefninu er að nemendur læri að afeinangra snúru og vír og þekki muninn á þessu tvennu. Tengir kló og perustæði. Að þeir læri að þekkja muninn á vír og snúru og hvenær og hvernig skuli nota vírendahulsu á snúru. Einnig að þeir læri að tengja kló og perustæði á réttan hátt.

Til eru margar gerðir af klóm bæði fyrir einfasa og þrífasa notkun. Þegar klær eru tengdar skal hafa eftirfarandi í huga:

1. Jörð skal alltaf tengd ef hún er til staðar og skal jarðvírinn alltaf vera lengsti vírinn í klóni, þannig að ef kippt er í snúruna er hann síðasti vír sem slitnar. Sjá mynd.
2. Ávalt skal nota kló við hæfi. Ef tækið sem klóin tengir krefst jarðbindingar skal nota snúru með jarðleiðara og kló með jarðtengingu.
3. Ef leiðararnir fara beint undir skrúfu skal ávalt nota endahulsur á leiðarana.
4. Í klóm er ævinlega spenna sem hefur þann tilgang að festa snúruna við klóna og nefnist hún togfesta. Togfestan á að herðast utan um hlífðarkápu snúrunar þannig að vírar slitni ekki ef togað er í hana.



Jarðbundin kló





Ójarðbundin kló

Kló sett á snúru.

Tengið kló við lampasnúru 3 x 0,75mm². Passið að særa ekki vírinn þegar hann er afeinangraður. Notið vírendahulsur á vírinn áður en hann er tengdur í klónni.

- 1,5 m lampasnúra 3 x 0,75 mm²
- 6 stk endahulsur 0,75 mm²
- 1 stk kló, jarðbundin.



Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016	RALV1RÖ03 – Verkefni 1.	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		


Vírar tengdir í perustæði.

Perustæði eða fatning er hólkur sem pera er skrúfuð í. Perustæðið er oftast búið til úr einangrandi efni en skrúfgangur úr málm. Núllið (blátt) skal alltaf tengjast þeim hluta perustæðisins sem snertir skrúfgang perunnar. Þetta er gert til þess að snertihætta verði minni, því að núllið er spennulaust til jarðar. Fasinn (Brúnn) eða millilína (ýmsir litir) sem er spennuhafa er tengdur við þann hluta perustæðisins sem snertir botn perunnar. (Sjá mynd)

Ef perustæðið er úr málm á að vera skrúfa á því með jarðmerki. Gul/græni vírin eða jörðin á að tengjast undir þá skrúfu. Jörð á alltaf að vera til staðar í dósum þar sem gert er ráð fyrir ljósum og tengjast ef þau eru úr málm.

Tengið ídráttarvív í perustæði eins og myndin sýnir.

Gætið þess að særa ekki vírin þegar þið afeinangið hann því þá er hætt við að hann brotni.



Þegar þið hafið tengt klóna og perustæðið kallið þið í kennarann og sýnið honum tengingarnar áður en þið lokið. Einnig takið þið mynd af hvoru tveggja og setjið í ferilbókina ykkar ásamt lýsingu af verkefninu.